

Leikskólinn Lyngheimar

2023 – 2024



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt.

Efnisyfirlit.

Leiðarljós leikskólans.

1. Greinagerð leikskólastjóra.
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023.
3. Innra mat deilda.
4. Innra mat sérkennslu.
5. Innra mat – fjöltyngd börn.
6. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.
7. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundastöðva.
8. Foreldrasamvinna.
9. Skipulagsdagar og leikskóladagatal.
10. Fylgiskjöl: Umsögn foreldraráðs, leikskóladagatal.



Friðardúfa
Friðardúfa
Komdu nú
Komdu nú
Það er rosa gaman
það er rosa gaman
Friðarlauf
Friðarlauf

Lag Meistari Jakob
Texti Elías Hjörtur 5 ára.

Leiðarljós leikskólans.

- Virðing. Að koma vel fram við aðra.
- Umhyggja. Að snerta, hughreysta og hugga.
- Tillitsemi. Að setja sig í spor annarra.

Greinagerð leikskólastjóra.

Árið 2022-2023 er búið að vera viðburðaríkt og skemmtilegt á Lyngheimum.

Leikskólinn er búin að vera fullmannaður allt skólaárið af frábærum hópi samhentra starfsmanna.

Fagleg markmið sem sett voru í umbótaáætlun vorið 2022 út frá menntastefnu Reykjavíkurborgar voru Læsi, Lýðræði og Sköpun.

Í september var strax byrjað að vinna að þeim markmiðum sem sett voru um vorið, áhersla var lögð á samvinnu milli deilda og þverfaglegt samstarf.

Börnin og kennarar voru mjög áhugasöm varðandi samstarf þvert á húsið og úr varð að unnin voru fimm samvinnuverkefni, sú vinna stóð fram til loka febrúar.

Verkefnin urðu til út frá hugmyndavinnu barna og kennara. Ástíðin stjórnaði líka vali á verkefnum t.d verkefnið Náttúran okkar, alltaf var lagt upp með hugmyndir og áhugasvið barnanna. Aldrei var ákveðið fyrir fram hversu langan tíma hvert verkefnið ætti að taka, börnin ákváðu sjálf hvenær þeim fannst verkefninu vera lokið.

Þau verkefni sem unnin voru. Náttúran okkar, Plastlaus september, Mengun í hafinu, Bleikur október, Dagur gegn einelti, Jólatré Lyngheima, Vísindadagur í snjónum, Þorrinn á Lyngheimum, Myrkur í borginni, ljós og skuggi, upplifun og skynjum. Síðustu 3 ár höfum við líka gert okkar eigið jólatré.

Leikskólinn tók þátt í barnamenningarhátíð 2023. Grafarvogur var hverfi hátíðarinnar þetta árið. Leikskólum hverfisins var boðið að taka þátt í sýningu á Borgarbókasafninu Spönginni. Yfirskrift sýningarinnar var „Friður“. Sýningin fékk nafnið Friður í freyðibaði.

Næst elsti árgangur skólans vann verkefni tengt friði, börnin höfðu mikinn áhuga á verkefninu, farið var í gönguferðir, unnin friðarsáttmáli, friðarsúla og friðardúfa, Barn af deildinni bjó til lagið Friðardúfa sem börnin sungu ásamt laginu Imagine (Að hugsa sér) eftir John Lennon. Lögin hljómuðu við verkið Friðarljós meðan á sýningu stóð.

Elsti árgangur skólans var í samstarfi við Þjóðminjasafnið í tengslum við barnamenningarhátíð. Börnin fóru í þrjár heimsóknir á safnið, fengu fræðslu um Landvætti og forynjur. Út frá þessum heimsóknum unnu börnin verk sem sýnd voru á Þjóðminjasafninu á Barnamenningarhátíð. Verkin hétu Landvættir og aðrar íslenskar kynjaverur. Börnin unnu skjaldamerkið, Djáknann á Myrká og gerðu sína útgáfu af Valþjófsstaðarhurðinni.

Þátttaka okkar í Barnamenningarhátíð tók mikinn tíma, stóð sú vinna frá lok febrúar þar til sýningin var sett upp 17. apríl.

Yngri deildar tóku þátt í öllum samstarfsverkefnum, aðaláherslan hjá yngri deildum í vetur hefur verið vinna með skapandi efnivið. Pappakassar hafa verið sérstaklega vinsælir hjá yngri hópnum.

Í janúar settum við af stað samstarfsverkefni heimilis og skóla Flipasöfnun „ Dósaflipar geta átt framhaldslíf“ Börnin fengu fræðslu um flipasöfnum áður en verkefnið fór af stað , þau hafa verið dugleg að safna flipum og koma með flipa að heima. Við söfnum þeim saman og sendum þá erlendis þar sem búnir eru til gervilimir úr þeim fyrri þá sem hafa misst útlím í fátækari ríkjum heimsins.

Leikskólinn fékk tvær viðurkenningar þetta árið. Reykjavíkurborg var í fyrsta skipti þátttakandi í vali á Stofnun ársins 2022. Sameyki stéttafélag sá um framkvæmd könnunarinnar.

Lyngheimar fengu viðurkenningu sem Fyrirmyndavinnustaður, einnig var leikskólinn í þriðja sæti í flokki meðalstórra fyrirtækja með 25-49 starfsmenn sem Stofnun ársins 2022. Báðar þessar viðurkenningar fylltu okkur stolti og ánægju.

Markmið næsta skólaárs er að efla betur það frábæra starf sem hefur verið síðustu ár á Lyngheimum. Á síðasta skólaári lögðum við sérstaklega áherslu á Sköpun, læsi og lýðræði, á komandi skólaári beinum við sjónum okkar sérstaklega að sjálfseflingu og félagsfærni.

Á síðasta skólaár lögðum við einnig mikla áherslu á skráningu og gott upplýsingaflæði til barna, foreldra og starfsmanna í formi fréttabréfa og mánaðarskema. Þetta hefur gefið góða raun og stefnum við á að halda áfram öflugri skráningu.

Á vorönn unnu kennarar Lyngheima fimm ára umbótaáætlun fyrir leikskólann, þetta gerðum við til að setja okkur sýnilegri og skýrari markmið fram í tímann.

Lyngheimar fögnuðu vori/sumri með útskrift elstu barnanna, íþróttahátíð, heilsuviku og sumarahátíð í boði foreldrafélagsins. Á sumarahátíðinni buðu börnin foreldrum uppá sýningu á vinnu vetrarins. Sýningin var í garði leikskólans.

Gleðilegt sumar



Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023.

Innra mat.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir.)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
	Starfsmenn svöruðu 67spurningum. Varðandi starfsemi leikskólans.	17 starfsmenn af 22 leikskólans tóku þátt í könnun.	
Stjórnun:			
Deildastjórar: Er skipulag verkefna sýnilegt og er upplýsingaflæði nægilegt?	16 starfsmenn svöruðu að skipulag verkefna sé sýnilegt og upplýsingaflæði gott. 1 starfsmaður var ekki sáttur við skipulagið og upplýsingaflæðið.	17 starfsmenn leikskólans svöruðu.	Starfsmenn eru ánægðir með skipulag og upplýsingaflæði deildastjóra. Að fá tillögur hjá starfsmönnum hvað er hægt að bæta.
Er skipulag dagsins sýnilegt fyrir starfsmenn inn á deild?	Allir starfsmenn ánægðir með skipulag dagsins.	17 starfsmenn leikskólans svöruðu.	Að halda áfram að vera með sýnilegt skipulag yfir daginn fyrir deildarstarfsmenn.
Er dagskipulag deildar sýnilegt?	Allir starfsmenn svöruðu að skipulag deilda væri sýnilegt.	17 starfsmenn leikskólans svöruðu.	Að passa að skipulagið sé alltaf sýnilegt.

Yfirstjórn: Eru stjórnendur fagleg forysta og leiðtogar í metnaðarfullu starfi leikskólans?	Allir starfsmenn svöruðu að yfirstjórn væri forysta í faglegu og metnaðarfullu starfi leikskólans.	17 starfsmenn leikskólans svöruðu.	Að viðhalda ánægju starfsmenna með faglega forystu og metnað. Aldrei að slá slöku við.
Vinna yfirstjórnendur að því að skapa góðan leikskólabrag og hvetjandi námsumhverfi út frá menntastefnu Reykjavíkurborgar?	.Allir starfsmenn svöruðu að yfirstjórn sköpuðu góðan og hvetjandi leikskólabrag út frá menntastefnu Reykjavíkurborgar.	17 starfsmenn leikskólans svöruðu.	Að halda áfram að vera hvetjandi og viðhalda skapandi námsumhverfi.
Vinna með lýðræði á deildum er hún sýnileg í starfi með börnunum.	16 starfsmenn svöruðu að unnið sé með lýðræði á deildum og nefndu dæmi um það. 1 starfsmaður svaraði ekki spurningunni.	17 starfsmenn leikskólans svöruðu.	Að skapa veffang fyrir starfsmenn hvað er lýðræði í leikskólastarfi og hvernig við vinnum með lýðræði í starfi með börnunum.
Vinna með læsi á deildum er hún sýnileg í starfi með börnunum.	Allir starfsmenn svöruðu að vinna með læsi væri sýnileg á deildum og nefndu dæmi um það.	17 starfsmenn leikskólans svöruðu.	Að viðhalda öflugri læsiskennslu og sýnileika vinnunnar með læsi.

Viðhorfskönnun foreldra Lyngheima 2023.

Niðurstöður viðhorfskönnunar foreldra Lyngheima voru mjög góðar. Hér fyrir neðan má sjá nokkrar niðurstöður úr könnuninni.

- Heildaránægja með leikskólann 4,79
- Barninu líður vel í leikskólanum 5,57
- Tel barnið mitt vera öruggt 4,61
- Vinsamlegt andrúmsloft 4,67
- Skólanum er vel stjórnað 4,76
- Þátturinn, Leikskólinn leitar eftir tillögum og hugmyndum frá foreldrum var gulur 3,20. Við munum skoða þennan þátt sérstaklega.
- Ég upplifi gott viðmót og samskipti við starfsfólk 4,58 en var í síðustu könnun 4,62. Við munum skoða þennan þátt með áherslu á að efla góð samskipti.

Ytra mat.

Viðhorfskönnun starfsmanna Reykjavíkurborgar Fyrirmyndarvinnustaðir - stofnun ársins 2022.

Lyngheimum hlotnaðist sá heiður að fá viðurkenningu þriðja árið í röð sem fyrirmyndarvinnustaður Reykjavíkurborgar og sem Stofnun ársins í þriðja sæti í flokki meðalstóra fyrirtækja.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram? Viðhorfkönnun starfsmanna Reykjavíkurborgar.	Hverjir tóku þátt í matinu? Starfsmenn 49% svöruðu.	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Stjórnun	Meðalskor 4,87	Starfsmenn 49% svöruðu	Góð niðurstaða
Starfsandi	Meðalskor 4,73	Starfsmenn 49% svöruðu	Góð niðurstaða
Launakjör	Meðalskor 2,59	Starfsmenn 49% svöruðu	Að starfsmenn og stéttafélagið berjist fyrri bættum kjörum
Vinnuskilyrði	Meðalskor 4,25	Starfsmenn 49% svöruðu	Góð niðurstaða
Sveigjanleiki í vinnu	Meðalskor 4,27	Starfsmenn 49% svöruðu	Góð niðurstaða
Sjálfstæði í starfi	Meðalskor 4,68	Starfsmenn 49% svöruðu	Góð niðurstaða
Ímynd stofnunar	Meðalskor 4,85	Starfsmenn 49% svöruðu	Góð niðurstaða
Ánægja og stolt	Meðalskor 4,95	Starfsmenn 49% svöruðu	Góð niðurstaða
Jafnrétti	Meðalskor 4,70	Starfsmenn 49% svöruðu	Góð niðurstaða
Fyrirmyndarstarfstaður	Meðalskor 4,52	Starfsmenn 49% svöruðu	Góð niðurstaða



Umbótaáætlun leikskólans 2023.

Umbótaþ áttur/ Matsþáttur.	Tækifær i til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun	Halda áfram að styrkja faglega forustu og þróa	Styrkja samhljóm meðal kennara. Halda áfram að virkja þá til samstarf Að stefna leikskólans sé skír	Stjórnendur	Strax	Aldrei	Öflugt innra mat, samtal við kennara, öflugt	Að niðurstöður innramats og niðurstöður starfsmanna könnunar komi vel út.

	metnað arfullt leikskól astarf.	og allir stefni í sömu átt. Öflugt innra mat.				upplýsingaf læði.	
Uppeldis og menntastarf.	Halda áfram vinnu með þverfaglegt samstarf í skólanum. Gekki vel á síðasta skólaári.	Góð reynsla frá síðasta skólaári. Hvetja kennara að halda áfram á sömu braut. Deildir, listgreinakennari og verkefnastóri læsis vinni saman. Dýpka ferlið í verkefnunum sem unnin eru. Börnin taka þátt í hugmyndavinnunni og framvindu verkefnisins.	Leikskólastjóri, deildastjórnari og verkefnastjórnari. Leikskólastjóri gefi kennurum tíma og rými til að skipuleggja samstarfið. Frjálsar hendur að vinna verkefnin. Láta hugmyndirnar flæða.	Halda áfram þessari vinnu og efla lýðræði og hugmyndavinnu barnanna. Samstarf og hugmyndir. Vinnan byrjar að hausti og stendur allt skólaárið.	Í raun líkur faglega samstarfi aldrei. En verkefnunum líkur þegar þau breytast í ný verkefni.	Gleðin í augum barnanna þegar samstarfsverkefninu var lokið.	Stolt og glöð börn með verkefnið sem unnið var. Börnin sýndu foreldrum sínum verkefnið og sögðu þeim þrá verkefninu og hvað þau höfðu lært mikið.
Mannauður/leikskólabragur.	Halda áfram að efla þverfaglegt samstarf milli kennara og gefa þeim tækifæri að þróa hugmyndir sínar varðandi vinnu tengda stefnu leikskólans. Styrkja þá sem leiðtoga.	Efla samstarf og umræður milli kennara. Styðja við hugmyndir, sína áhuga og vera sem stjórnandi tilbúin að vinna með kennurum að hugmyndum, verkefnum sem styðja við stefnu leikskólans.	Leikskólastjóri og kennarar.	Verkefni er í gangi.	Verkefni alltaf í gangi lýkur aldrei.	Samstarfsundir kennara og stjórnenda. Farið yfir ferli verkefnis, hlutverk hvers og eins og hvernig faglegur stuðningur stjórnenda hefi gengið. Þverfaglegt samstarf kennara. Hugmyndafærni skoðað.	Verkefnið skoðað, út frá samstarfi, hugmyndaflæði, þátttöku kennara og gleði barnanna og flæði verkefnis.
Innra mat.							
Viðhalda góðu skipulagi.	Að vera meðvitaðar um að oft getur reynt erfitt að viðhalda mjög góðri niðurstöðu úr innra mati.	Að meta stafið með starfsmönnum, börnum og foreldrum, vera með gott upplýsingaflæði.	Leikskólastjóri/Aðstoðarleikskólastjóri.	Verkefni alltaf í gangi.	Verkefni lýkur aldrei.	Reglulegt mat á starfinu, samtöl við starfsmenn, órsamtöl.	Niðurstöður á mati, samtala við starfsmenn.

Verkefni ð er að halda sömu gæðum í faglegu starfi og stjórnun.	Að slá aldrei af þeim kröfum sem við gerum til okkar varðand i fagstarfi ð og stjórnun	Stjórnendateymið fundi reglulega, deildastjórafundu m,fagfundum. Stjórnendur hafi gott samráð og deili ábyrgð og sýn. Að allir séu í sama liði.	Stjórnendur, Leikskólastjóri, aðstoðarleiks kólástjóri.	Verkefni alltaf í gangi.	Verkefni i lýkur aldrei.	Reglulegt mat, fundir, Taka samtalið. Greinagerðir. Samtal við foreldraráð.	Jákvæð niðurstaða innra mats. Afrakstur faglegrar vinnu, skráningar.
--	--	--	--	--------------------------------	--------------------------------	---	--



Innra mat deilda. Innra mat Klappavör veturinn 2022-2023 árgangur 2017.

Veturinn 2022 – 2023 var áhersla lögð á læsi, félagsfærni, sköpun, lýðræði, heilbrigði/sjálfbærni og sjálfseflingu.

Læsi: Á Klappavör voru tölustafir og bókstafir sýnilegir á veggjum. Hólf barnanna voru merkt með nafni og fæðingardegi. Verkefni sem unnin voru yfir árið voru merkt af börnunum.

Á hverjum degi var valin veðurfræðingur sem fór yfir daginn í samverustund.

Heilbrigði: Við komuna á leikskólann byrja börnin á handþvotti.

Á Klappavör hafa börnin náð færni í sjálfshjálp og eru tilbúin í grunnskóla. Reglulegar gönguferðir eru yfir árið og í útiveru eru börnunum kenndir útileikir.

Sjálfsefling: Börnin á Klappavör hafa öðlast sjálfstæði í fataklefa. Í matartímum skammta börnin sér sjálf á diskinn, meta hversu stóran skammt þau vilja og í lok matartíma ganga þau frá eftir sig á matarvagn.

Félagsfærni: Börnin fengu kennslu um mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum og um mikilvægi vináttu.

Í hópavinnu var áhersla lögð á að börnin kæmu sér saman um söguþráð, hlutverk og útlit verkefna.

Sköpun: Klappavör fór í margar menningarferðir, söfn og sýningar víðsvegar um borgina. Verkefni voru unnin í tengslum við hverja ferð.

Klappavör tók þátt í barnamenningarhátíð í samstarfi við Þjóðminjasafnið, sýningin hét Landvættirnir og aðrar íslenskar kynjaverur. Þessi vinna fléttaði saman sköpun, félagsfærni, sjálfseflingu, samvinnu og læsi.

Verkefni útskriftarhópsins er orðið að hefð á Lyngheimum. Börnin búa til handbrúður og semja leikrit. Þjóða þau foreldrum símun á brúðuleikhús á útskriftardegi. Börnin fá æfingu í samvinnu, sköpun, sögugerð og framkomu.

Börnin unnu verkefnið ég sjálfur með því að teikna stóra mynd af sjálfum sér og segja frá hvað þau ætla að verða þegar þau verða fullorðinn.

Á heildina litið gekk veturinn vel og náðust markmið flestra námsþátta.

Sólveig Hólm deildarstjóri Klappavör veturinn 2022-2023.



Umbótaáætlun Klapparvör 2023-2024.

Umbótaáætlun / matsáætlun	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbót	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir.	Viðmið um árangur
Sjálfsfelling / valdefling	Auka sjálfstæði og sjálfsmynd barnanna.	Efla þau í að uppgötva og gera hlutina sjálf eða saman í hóp þar sem þau styðja hvort annað. Kennarar hvetji þau og hjálpa þeim af stað.	Deildarstjóri, verkefnastjóri Og starfsmenn skólans	Septembar 2023	Ágúst 2024	Metið á deildarfundum hvernig gekk og hvort gera þurfi breytingar á þeim aðferðum sem við erum að nota. Meta með skráningu bæði myndræn og skrifleg.	Að efling til sjálfstæðis, samvinnu og þrautarlausnar aukist og börnin eigi auðveldar með að tjá sig við okkur og hvort annað þegar þeim vantar hjálp eða eitthvað bjátar á.
Félagsfærni	Að auka félagslega færni barnanna sína á milli og innan samfélagsins.	Með hvatningu og leiðbeiningum frá kennurum. Verkefnum sem byggja á samvinnu og félagslegum samskiptum.	Deildarstjóri, verkefnastjóri Og starfsmenn skólans	Septembar 2023	Ágúst 2024	Metið á deildarfundum hvernig gekk og hvort gera þurfi breytingar á þeim aðferðum sem við erum að nota. Meta meðskráningu bæði myndræn og skrifleg.	Að börnin sé orðin fær á að taka tillit, skiptast á, hjálpast að, deila hugmyndum og skoðunum.
Heilbrigði	Útivera og hreyfing í útiveru. Kenna börnunum um hreinlæti og mikilvægi þess.	Í útiveru er farið í alskyns leiki og frjálsan leik. Farið er í gönguferðir þar sem gerðar eru hinar ýmsu æfingar og klifrað og labbað í þúfum. Kenna börnunum um almennt hreinlæti t.d þvo hendur, skeina sér og snyrtilegar matarvenjur við matarborðið.	Deildarstjóri, verkefnastjóri Og starfsmenn skólans	Septembar 2023	Ágúst 2024	Metið á deildarfundum hvernig gekk og hvort gera þurfi breytingar á þeim aðferðum sem við erum að nota. Meta með skráningu bæði myndræn og skrifleg. Hefur hreyfifærni barnanna styrkst frá byrjun. Eru þau sjálf farin að þvo hendur, skeina sér og huga að hreinlæti við matarborðið án þess að kennarinn þurfi að vera að minna endalaust á.	Að börnin hafi öðlast þrek og þor í útiveru. Að þau passi sjálf uppá að þrifa hendur og borða snyrtilega. Að þau séu öll farinn að skeina sér sjálf fyrir lok skólaársins.

Læsi	Að börnin kynnist bók og tölustöfum . Að þau kunni að skrifa nafnið sitt. Að börnin verði læs á umhverfi sitt og samfélag.	Í samverustund um með hinum ýmsu málfræði æfingum, skoða stafina og hvernig form þeirra er og hvaða hljóð tilheyrir hverjum staf . Þau æfa sig að skrifa nafnið sitt á verkin sín. í verkefnavinnu kynnast þau umhverfi sínu og hvernig maður hagar sér í hinum ýmsu aðstæðum.	Deildarstjóri, verkefnastjóri Og starfsmenn skólans	Septemb er 2023	Ágúst 2024	Meitið á deildarfundum hvernig gekk og hvort gera þurfi breytingar á þeim aðferðum sem við erum að nota. Meta með skráningu bæði myndræn og skrifleg. Eru börnin farin að þekkja stafina og skrifa nafnið sitt sjálf án hjálpar. Kunna þau hegðunarreglur nar í strætó og í vettvangsferðum.	Að börnin séu farinn að þekkja útlit stafanna og hlóð þeirra. Að börnin kunni og fari eftir þeim reglum sem eru þegar maður fer í strætó, situr á leiksýningu eða í vettvangsferð. Að börnin kunni að lesa í umhverfi sitt.
------	--	--	---	-----------------	------------	--	---



Friðarsáttmáli Fjósakletta

Fjósakletta veturinn 2022-2023 árgangur 2018 og 2019.

Veturinn 2022 – 2023 var áhersla lögð á læsi, félagsfærni, sköpun, lýðræði, heilbrigði/sjálfbærni og sjálfsefningu. Hér verður farið yfir hvernig það var gert og hvernig það gekk.

Læsi: Tölustafir og bókstafir voru hafðir sýnilegir á veggjum, í spilum, leikföngum og séð til þess að ritmál væri sýnilegt í umhverfinu. Allt á deildinni skúffur, hólfi og borði var merkt með heiti og mynd. Sjónrænt skipulag af deginum var inni á deild sem farið var yfir í samveru með veðurfræðingi. Veðurfræðingur var valinn fyrir hvern dag og hans hlutverk var að fara yfir skipulag dagsins, hvaða vikudagur og mánuður er, setja upp

myndir af veðrinu og hvernig æskilegt er að klæða sig. Veðurfræðingur gat síðan valið um að fá óskalag eða telja börnin sem voru mættir. Vinsælast var að telja krakkana og fengu börnin þannig áhuga á tölustöfum og að telja, einnig var ýtt undir áhuga á bókstöfum með því að veðurfræðingur bauð til borðs með því að segja bókstaf sem börnin byrjuðu á. Samvera var nýtt í málörvun, lubbastundir og mikil áhersla lögð á söng, mörg ný lög lærð og notaðar myndir og hreyfingar með textanum til að auðvelda kennslu á lögnum.

Bókahillur inni á deild í þeirra hæð nýttar til að ýta undir áhuga á verkefnum hverju sinni með spennandi bókum og efni í tengslum við verkefni.

Félagsfærni: Börnin lærðu um mikilvægi vináttu og að bera virðingu fyrir sér og öðrum. Áhersla var lögð á að deila leikföngum, geta skipst á og þekkja sín mörk.

Börnin sköpuðu friðardúfur, friðarljós, friðardúfuna Alla og friðarsáttmála.

Sköpun: Mikið var lagt upp úr sköpun þennan vetur. Á vorönn fór stór hluti tímans í verkefni tengt Barnameningarhátíð.

Á deildinni var frjáls aðgangur að ýmiskonar leikefni, búnaði, fjölbreyttum áhöldum og efnivið til skapandi vinnu. Farið var í myndlist einu sinni í viku og unnið þar verkefni úr fjölbreyttum efnivið. Verkefnin lögðu áherslu á læsi, félagsfærni, sjálfsefningu og heilbrigði.

Grænfána verkefnið „Dýr í hafinu“ var unnið þar sem börnin sköpuðu dýr sem búa í hafinu. Börnin völdu dýr úr hafinu til að skapa.

Mikill áhugi var á leikritinu „Dýrin í Hálsaskógi“, var ákveðið í samstarfi við börnin að hver og einn myndi búa til sinn Mikka ref.

„Vinátta“ var verkefni um mikilvægi góðrar vináttu og mikilvægi þess að vera vinir og góð hvort við annað á deildinni. Börnin teiknuðu sjálfsmynd og skrifuðu hvað er að vera vinur. Myndirnar voru svo hengdar upp á vegg inni á deild hlið við hlið eins og þau væru að leiðast til sýna þeim að allir eru vinir á Fjósaklettum.

Lýðræði: Börnin gerðu friðarsáttmála/samskiptareglur fyrir deildina. Börnin gerðu reglur fyrir deildina til að stuðla að góðum samskiptum og friði inni á deildinni, svo öllum líði vel. Í samveru voru teknar lýðræðislegar ákvarðanir um hvað skal hafa í boði fyrir rólega stund og valin efniviður fyrir skipulagðar stundir. Haldnir voru fundir með börnunum þegar þurfti að taka mikilvægar ákvarðanir varðandi starfið á deildinni.

Heilbrigði/Sjálfbærni: Matarsóun var kynnt fyrir börnunum og þau frædd um mikilvægi þess að minka hana. Sett var upp skipulag til að gera sýnilegt fyrir deildinni hvað miklum mat var hent.

Sjálfsefning: Börnin settu mat sjálf á diskinn sinn og æfðu sig í að hella í glös. Börnin lögðu sjálf á borðið og sóttu mat með kennara. Þau gengu svo sjálf frá disk, hnífapörum og glasi. Í fataklefanum voru þau hvött til þess að klæða sig sjálf.



Umbótaáætlun Fjósakletta 2023-2024.

Umbótaþáttur/matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Sköpun.	Virka sköpunarkraft. – Vinna með fjölbreyttan efnivið og áhöld. – Upplifa virðingu fyrir sínum verkum og annarra. – Tjá sig um verkin sín og rifja upp ferlið.	Unnið markvisst við öll tækifæri inni og úti. – Hlusta þegar hugmyndir kvikna og hjálpast að við að útfæra. – Vinna í samvinnu við myndlist og aðrar deildir þegar við á. – Á deildinni er frjálst aðgangur að ýmiskonar leikefni, búnaði, fjölbreyttum áhöldum og efnivið til skapandi vinnu. Börnin fá tækifæri til að leika frjálst, skapa og tjá upplifun sína.	Deildarstjóri/ starfsfólk deildar og verkefnastjóri myndlistar.	Byrjun skólaárs.	Við lok skólaárs.	Safna gögnum. – Gera skráningu og skriflega af sköpunarverkun um. Einnig skráningu hvernig hugmyndir kvikna og þróast.	Börnin kunni að vinna með fjölbreyttan efnivið og áhöld. Þau upplifi virðingu fyrir sínum verkum og annarra. Geti tjáð sig um verkin sín og rifjað upp ferlið.
Lýðræði.	Börnin búa til friðarsáttmála fyrir deildina. Þau leggja sjálf til reglur sem á að fylgja inni á deild. Börnin hafa að segja hvaða efnivið er unnið með í skipulögðum stundum.	Í samveru leggja börnin til reglur fyrir deildina sem stuðla að því að þeim líði vel inni á deild. Börnin taka lýðræðislega ákvörðun um hvað skal hafa í boði að gera í rölegri stund og velja efnivið fyrir skipulagðar stundir eins og t.d. ljós og skugga, salinn og fleira þar sem við á.	Deildarstjóri og starfsfólk deildar.	Byrjun skólaárs.	Við lok skólaárs.	Safna gögnum.	Friðarsáttmáli hafi verið gerður með reglum frá börnunum. Börnin hafi fengið að hafa eitthvað um að segja hvaða efnivið var unnið með í skipulögðum stundum.
Sjálfbærni.	Fræðsla um matarsóun. Börn þekki matarsóun	Hafa hvetjandi skipulag sem sýnir hvað var lítið hent af mat og verðlaun	Deildarstjóri og starfsfólk deildar.	Byrjun skólaárs.	Við lok skólaárs.	Safna gögnum.	Gert hafi verið hvetjandi skipulag í

	og vilji minnka hana. Í framhaldi af matarsóun læra börnin að skammta sér sjálf og þannig þekkja sitt magamál. Að börnin geti sjálf sett mat á disk og hellt í glös.	þegar engum mat er sóað. Fata með mat sem er hent er vigtuð eftir hvern hádegismat og merkt inn á skipulagið. Markmiðið að ná að vigtin segi 0 eða að engum mat sé hent. Börnin velja sjálf verðlaunin sem unnið er fyrir. Þau læra að skammta sér sjálf á diskinn og skammta sér minna heldur en meira. Læra þannig að þekkja sitt magamál. Börnin setja sjálf á diskinn og hella sjálf í glös.					tengslum við matarsóun. Börn kunnir að skammta sér mátulega sjálf á diskinn og þekki sitt magamál. Þau geti sett sjálf á diskinn og hellt í glös.
Skráning.	Að hvert barn eigi ferilmöppu með myndum af sér og verkum sínum úr leikskólanum. Þar sem verkefni eru ferilskráð.	Kennari sé virkur í að taka myndir, skrá viðfangsefni og lærdómsferli barnsins.	Deildarstjóri og starfsfólk deildar.	Unnið jafnt og þétt yfir veturinn.	Unnið jafnt og þétt yfir veturinn.	Deildarfundir, skráning í myndum og völdum verkum barnanna.	Að hvert barn eigi fullkláraða ferilmöppu í myndum í lok annar.



Innra mat Guddumói 2022-2023

Árið 2022-2023 voru 20 börn á Guddumóa (árgangur 2019 og 2020).

Á Guddumóum settum við okkur markmið út frá öllum þáttum Menntastefnu Reykjavíkurborgar, með sérstaka áherslu á læsi og lýðræði. Læsi: Dagskipulagt var myndrænt og sýnilegt börnunum.

Myndir af matseðli og þjóni dagsins var sýnilegt svo börnin gætu sjálf séð hver væri þjónn hverju sinni.

Skúffur barnanna voru merktar með nafni og mynd af börnunum.

Lubba stundir voru einu sinni í viku og voru börnunum þá skipt niður í litla hópa svo allir gætu notið sýn.

Í samverustund var lesið, sungið og sagðar sögur.

Myndir og hreyfingar voru notaðar til að kenna börnunum ný lög.

Lýðræði og sjálfstæði: Fjölbreytt verkefni voru unnin til að efla lýðræði og sjálfstæði á Guddumóa. Börnin völdu sér leikefni á morgnana og í frjálsum tíma.

Í samveru var farið yfir hvernig best væri að klæða sig fyrir útiveru og völdu börnin viðeigandi fatnað til útiveru. Börnin gátu valið hvort þau færu einu sinni eða tvisvar í útiveru yfir daginn.

Heilbrigði: Eitt af markmiðum okkar síðasta skólaár var að þjálfa börnin í að hætta með bleyju fyrir vorið svo þau yrðu tilbúin að fara á eldri deild eftir sumarfrí.

Að efla vatnsdrykkju var eitt af markmiðum okkar. Opnaður var „Vatnsbarinn“ þar sem þau höfðu góðan aðgang að vatni og skilaði það góðum árangri.

Boðið var upp á jóga stundir einu sinni í viku, þessar stundir voru mjög vinsælar, þar lærðu börnin slökun og ró.

Salur og púðaherbergi leikskólans var mikið notað til hreyfinga.

Jóga stundir, dagleg útivera, púðaherbergi og salur nálægt deildinni - þetta eru þeir þættir sem gerðu okkur kleift að búa til draumaumhverfi fyrir tveggja og þriggja ára börn sem þurfa mikla hreyfingu.

Sköpun: Þessi námsþáttur gekk mjög vel hjá okkur á Guddumóa. Börnin fengu að kynna ýmsum aðferðum og áhöldum til sköpunar. Börnin lituðu, máluðu, límdu, klipptu, bræddu vax. Börnin fengu að vinna með ull, sand, leir, jarðleir, pappamassa, sápukúlur hrisgrjón í öllum regnbogans litum, sull og slím.

Við lærðum litina og litablöndun í vetur. Í maí lukum við því verkefni í samstarfi við yngstu deildina með litaviku og litaballi.

Í tónlistastundum lærðu börnin hin ýmsu lög, börnin fengu tækifæri til að prófa hin ýmsu hljóðfæri. Þeim fannst mjög gaman að syngja með ukulele og gítar.

Einu sinni í viku vorum við með ljós og skugga. Boðið var uppá vasa og höfuð ljós, þrívíddar ljós, ljósa kubba, skugga kúlu, slæður, myrkratjald og fleira.

Félagsfærni: Agastefna leikskólans var okkar leiðarljós. Börnin lærðu að nota „stopp“ á fallegan hátt með orðum og handmerkingum. Þau lærðu að virða „stopp“ og segja „nei“.

Sjálfsefning/valdefling: Börnin lærðu að klæða sig í og úr útifötum. Þetta getur verið erfitt og flókið verkefni fyrir börnin. Þau þurfa mikla hvatningu og stýringu í fataklefanum.

Börnin voru mjög dugleg að læra að borða snyrtilega og nota skeið, gaffall og hníf. Hella sjálf vatni í glasið sitt, skammta sér sjálf og ganga frá eftir matinn.

Grænánaverkefni: Á degi Íslenskrar Náttúru og plastlausum september vildum við vekja áhuga barnanna á umhverfisvernd. Við fórum í göngutúra og týndum rusl, þegar heim var komið flokkuðum við ruslið og hentum í viðeigandi tunnur til endurnýtingar. Ákveðið var að hafa plastlausa viku, eingin plastleikföng úr plasti, eftir þetta verkefni ákvað leikskólinn að leggja meiri áherslu á skapandi leikefni úr öðrum efnivið en plasti.

Að minka matarsóun var verkefni vorannar. Rætt var við börnin um hvað matasóun er. Börnin komu með ýmsar hugmyndir um hvernig væri hægt að minka matarsóun. Mikil áhugi var fyrir verkefninu hjá börnunum og mikil umræða í matar og kaffitímum, um hvort verið sé að skammta sér of mikið.

Skráning: Hvert barn á sína ferilmöppu. Foreldrum var sent fréttabréf einu sinni í viku,

Loka orð: Skólaárið 2022-2023 á Guddumóa hefur verið mjög skemmtilegt og skapandi. Náðum við flestum þeim markmiðum sem við settum okkur í upphafi vetrar og börnin tilbúin að færast á eldri deild í haust.

Iwona Bergiel Deildastjóri á Guddumóa veturinn 2022-2023.



Umbótaáætlun Guddumóa 2023-2024.

Matsþáttur/ umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið
Skráning	Að hvert barn eigi möppu með myndum af sér og verkum sínum úr leikskólanum. Að efla upplýsingaflæði á	Að taka myndir og skrá í ferilmöppu viðfangsefni og lærdóms ferli barnsins. Að búa til skráningu vikulega	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar	Ágúst	Júní

	milli skóla og heimilis með fréttabréfum Skráning frá verkefnum og framkvæmd þeirra markmiða sem felast í umbótaáætluninni.	og senda á foreldra Að búa til skráningu frá verkefnum og framkvæmd þeirra markmiða sem felast í umbótaáætluninni.			
Læsi	Að styðja við málþroska. Að bregðast snemma við ef um óeðlilegan eða seinkaðan málþroska er að ræða. Að styðja við tungumála kunnáttu barna sem eiga foreldra með útlensk uppruna. Að efla hlustun, orðaforða og söng hjá börnunum.	Að byggja markvisst upp námsumhverfi sem styður við málþroska og máltöku með lestri bóka, segja sögur og þulur í samverustundum. Að setja Lubba stundir í dagskipulagið sem verður 1x í viku. Að framkvæma TRAS til að gripa raskanir í málþroska snemma. Að auka þekkingu á íslenskri menningu með því að fagna hátíðum, siðum, sögulegum atburðum í samverustundum og leiknum. Mynd- og ritmál sýnileg inn á deild. Frjáls aðgangur að bókum. Þjóna verkefni (að gefa tíu og að efla orðaforða og tjáning) Pinna, perla, klippa, Lego og fl. til að þjálfa finhreyfingar. Að byggja upp orðaforða í útinámi	Allir starfsmenn	Unnið jafnt og þétt yfir skólaárið	Sumarlok
Félagsfærni	Að börn öðlist færni til að eiga árangursrík samskipti við aðra. Að börn öðlist færni í að starfa saman, setja sig í spor annarra og sýna öðrum góðvild og virðingu.	Að auka notkun aga stefnu leikskólans. Nota öll tækifæri til að efla og veita fræðslu til barnanna. Unnið í samveru, í leik, útinámi og í göngutúrum með börnunum um hvernig við umgöngumst hvort annað með virðingu. Mikil hrós og hvatning til barna um að gera sjálf og vinna saman. Að kynna börnunum fyrir Blæ vináttu	Allir starfsmenn	Unnið jafnt og þétt yfir skólaárið	Til sumarlokunnar

		<p>verkefninu. Vinna að þematengdum verkefnum sem byggja á samvinnu. Samfélagslegt verkefni og samvinnuverkefni með foreldrum.</p>			
Heilbrigði	<p>Að kynna börnum heilbrigðan lífsstíl, heilbrigðar neysluvenjur, þróa hreinlæti og líkamlega færni. Að efla andleg og félagsleg velliðan barna</p>	<p>Nota öll tækifæri til að efla líkamsvitund. Að kenna mikilvægi handþvotts og umhirðu eftir salernisferðir. Starfsmenn kenni börnum að þvo og þurrka hendur. Að hætta með bleyju. Að gera sjónrænar leiðbeiningar þar sem hægt er. Hafa vatnskönnu og glós á deildinni til að vatnsdrykkju. Setja hreyfistundir „Jóga stund í dagskipulag deildar 1x í viku. Að börn læri leiðir til að minka matarsóun. Að flokka allt sorp í viðeigandi tunnur. Að fara daglega í útiveru. Að fara reglulega í gönguferðir og í útinám. Að börnin læri að fara eftir garðreglum leikskólans, að týna rusl og að bera virðingu og umhyggju fyrir náttúrunni.</p>	<p>Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar.</p>	<p>Unnið jafnt og þétt yfir skólaárið</p>	<p>Til sumarlokunar</p>
Sköpun	<p>Að vekja og þróa forvitni barna, sköpunargáfu og gagnrýna hugsun. Að efla og veita þekkingu, frumkvæði og leikni til barnanna</p>	<p>Að börnin læri grunnlitina og litablöndun á ýmsum aðferðum, læri á form og stærðir með einingakubbum og kynnist visindum í gegnum mismunandi efnivið. Að þjálfra finhreyfingar. Að börnin læri að skapa með náttúru efni og að efla endur nýtingu</p>	<p>Deildarstjóri, aðrir starfsmenn deildarinnar og myndlist kennari.</p>	<p>Unnið jafnt og þétt yfir skólaárið.</p>	<p>Til sumarlokunar</p>



Innra mat á Knútskoti veturinn 2022-2023.

Í vetur hefur megin áherslan verið á að börnin verði sjálfstæðari einstaklingar.

Að börnin verði örugg í sínu umhverfi kynnast nýju starfsfólki, hvert öðru og nýjum aðstæðum.

Læri reglur deildar. Sitji kyrr við matarborðið, hætti með smekk, læri að notar hnífapör og venjuleg glös.

Börnin fá aðstoð við að hætta með bleyju og þau hvött til að klæða sig sjálf í og úr fötum.

Börnin fengu tækifæri til að hreyfa sig bæði inni og út. Salurinn var mikið nýttur fyrir hreyfistundir.

Læsi; Í samverustund var lögð áhersla á að efla hlustun og orðaforða.

Söngur var notaður til kennslu eins og „Ég fór í Dýragarð í gær“ þá var sungið um dýrin og hvert barn fékk að draga mynd af dýri úr poka og hermt var eftir málhjóði dýrsins.

Lubba stundir voru reglulega og var börnunum þá skipt upp í hópa til öll börnin fengu að njóta sín og taka þátt. Lubbi kom með beinið sitt með stafnum sem vinna átti með.

Samverustundir voru einnig nýttar í lestur bóka og loðtöflu sögur.

Sköpun; Börnin fengu tækifæri til sköpunar, að kynnast hinum ýmsu efnivið og áhöldum. Notuðu þau fingur, stimpla með allskonar hlutum keyra með bíl yfir málningu og ýmislegt fleira.

Unnið var með grunnliti og litablöndun. Börnin teiknuðu höfuðfætlu bæði í upphafi og lok annar.

Í maí voru vikurnar tileinkaðar einum lit, byrjað var á gulri viku síðan rauðri, blárrí og endað á regnbogaviku.

Hvert barn gerir handafarið á haustönn sem sýnir hvenær það hóf sína leikskólagöngu á Lyngheimum.

Lögð var áhersla á alla skynjun, bæði í gengum ljós og skugga og snertingu hinna ýmsu efniviðar með mismunandi áferð t.d. sulla með vatni og ýmsum tegundum af slími sem búið var til úr hinum ýmsu hráefnum.

Eitt af samvinnuverkefnum deildanna var að fara í heimsókn á bókasafnið. Fimm börn af hverri deild fóru saman, Klappavör (elsta deildin) sögðu okkur helstu reglur í gönguferðum og hvað væri í boði og hvað ekki. Klappavör valdi svo ferðafélaga á Knútskoti og aðstoðaði þau við að klæða sig áður en lagt var af stað, leiddi svo sinn ferðafélaga á leiðinni á safnið. Þetta verkefni var í tengslum við vináttu, læsi á umhverfið og börnin kynnist bókasafninu og bókum.

Félagsfærni: Til að efla félagsfærni var unnið með vináttuverkefnið Blær, börnin hvött til að nota Blæ.

Vináttubönd eru byrjuð að myndast, við lærðum að skiptast á, deila leikföngum og læra að bíða eftir að röðin komi að okkur.

Í jóga var lögð áhersla á að börnin lærðu mikilvægi þess að geta slakað á, gert teygjur og farið í núvitund með rólegri og ljúfri tónlist.

Skráning; Gerðar voru ferilmöppur með hverju barni. Fréttabréf voru send heim í lok hverrar viku með upplýsingum í máli og myndum hvað var gert í vikunni.

Veturinn hefur gengið mjög vel og flestir þættir umbótaáætlunar náðst og vel það.

Hanna Dís Guðjónsdóttir, deildarstjóri á Knútskoti veturinn 2022-2023.



Umbótaáætlun Knútskot 2023-2024.

Umbótaþáttur/ Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skráning	Feilmappa; Hvert barn á möppu með myndum af sér og skráningu af því helsta sem það er búið að gera í leikskólanum yfir veturinn.	Unnið jafnt og þétt yfir veturinn	Deildarstjóri	Júli	Ágúst	Deildarfundir, skráningin myndum og völdum verkum barnanna.	Full klárud ferilmappa með hverju barni í lok annar. Í vikulok eru sendar heim til foreldra „vikufréttir“ í máli og myndum af þeirri vinnu sem

	Vikufréttir heim til foreldra.						unnin hefur verið í vikunni.
Læsi	Að efla hlustun, orðaforða og syngja og lesa fyrir börnin	Ritmálið er sýnilegt á deildinni. að umhverfi barnanna styðji við máltöku og málþroska. Lestur bóka, þulur, Lubba stundir, söng,- og les stundir.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar	Júlí	Ágúst	Deildarfundir	Byrja með styttri stundir í samverustund sungið og meiri áhersla á hreyfilög. Stundin smá lengd og byrjað á lestri bóka þegar liður á veturinn. Börnin teikna mynd sem er merkt með mynd af þeim og þau velja sér sæti í samverustund. Börnunum skipt upp í minni hópa fyrir Lubba-stund.
Sjálfsþing	Að verða snyrtileg og sitja kyrr við matarborðið. Mikilvægi handþvotts. Æfa sig að hætta með bleið. Æfa sig að klæða sig sjálf í og úr.	Matmálmstimum. Salerni Fataklefa	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar.	Júlí	Ágúst	Deildarfundir	Að þau verði sjálfstæðari einstaklingar. Að börnin æfa sig að borða sjálf með hnífapörum, sleppa smekk. Kenna þeim að þvo hendur, fá saðu í lófann. Hvött til að setjast á klósettið eða koppinn.
Félagsfærni	Vináttuverkefnið Blær. Læra að vera vinur. Læra samskipti og vera hluti af heild.	Börnin fá afhentan Blæ þegar þau byrja í leikskólanum. Hann fær sitt bæli á sínum stað þar sem hann er aðgengilegur fyrir börnin að nálgast hann. Félagsfærnisögur. Að vinna að samvinnuverkefni heimilis og skóla	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar.	Júlí	Ágúst	Deildarfundir	Börnin sækja meira í Blæ og læra að ná sér í hann þegar þeim vantar huggun. Stýra þeim meira inná að nota Blæ í hvíld og minnka að koma með bangsa að heiman. Í lok vetrar hafi börnin tengst vináttuböndum og lært að treysta hvert öðru.
Heilbrigði	Börnin fari í markvissar hreyfistundir inni og úti. Jógastundir Efla vatnsdrykkju	Börnunum skipt í minni hópa og skiptast á að fara í hreyfistund í salnum og jóga.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar	Júlí	Ágúst	Deildarfundir	Hreyfistundir í salnum þar sem unnið er með snerpu og úthald. Byrjað á styttri gönguferðum í kringum leikskólann og smá saman farið í lengri ferðir. Læra að verða örugg í nærumhverfinu. Börnunum skipt í litla hópa sem fara í jógastundir, þar sem við gerum saman æfingar og slökum á við rólega tónlist. Aðgengileg vatnstöð inni á deild.

Sköpun	Að læra litina með ýmsum aðferðum. Byrjað á grunnlitunum. Síðar er farið í litablöndun. Kynnast ýmsum efnivið til sköpunar. Verðlaus efniviður.	Kennarinn leggur inn litina í samverustundum. í gegnum leikinn í myndlist og frjálsa leiknum. Börnin teikna höfuðfætlu í upphafi og lokannar. Skapa frjálst, unnið með ýmsan efnivið, þau æfa sig að gera hring. Unnið með liti og litablöndun. Í maí eru litavikur með grunnlitunum og endað á regnbogavíku.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar.	Júli	Ágúst	Deildarfundir	Að börnin öðlist þekkingu á grunnlitunum til að byrja með og bæta svo fleiri litum við eftir því sem líður á veturinn. Að börnin kynnist því að til eru nokkrar tegundir af formum, lögun og gerð. Kynnist ýmsum áhöldum og gerðum til myndsköpunar.
--------	---	---	---	------	-------	---------------	--



Sköpin – listasmiðja.

Í listasmiðju er mikið lagt upp úr frjálsri og fjölbreyttri sköpun þar sem allir grunnþættirnir fléttast inn í starfið. Þar er lögð áhersla á að efniviðurinn sé fjölbreyttur og skapandi, að verkefni séu spennandi, áhugaverð, ögrandi og umfram allt skemmtileg.

Hver deild á einn dag í viku. Hugmyndir af verkefnum koma bæði frá kennurum og börnum. Verkefni taka eina kennslustund upp í nokkrar vikur. Auk allra verkefnanna sem hver deild vann þá unnu allar deildir verkefni í tengslum við jól, páska, öskudag, bangsadag, þorrann og góuna. Einnig tók listasmiðja þátt í Náttúrsmiðju sem var í tengslum við Dag íslenskrar náttúru og Sjávarsmiðju þar sem unnið var með hafið og gersemar þess.

Sköpun: Fjölbreytt úrval af efnivið og verkefnum. Eflum finnhreyfingar og skinfæri. Vinnum mikið með skapandi efnivið og örvum skapandi hugsun og fagurfræði.

Læsi: Aukum orðaforða og málskilning með umræðum, sögum og verkefnum. Eflum læsi á samfélagið, umhverfið og náttúruna

Félagsfærni: Lærum að vinna saman í stórum og litlum hópum, hlustum á hvert annað og lærum að virða skoðanir annarra. Aðstoðum hvert annað, finnum sameiginlega lausn.

Sjálfsþróun: Hvetjum til skapandi hugsunar, hrósum og hvetjum þau áfram til að þau öðlist trú á eigin getu. Styrkjum og eflum þeirra sjálfsmynd.

Umhverfismennt: Allar deildar vinna a.m.k. eitt verkefni á önn sem tengist umhverfismennt.

Málað með fingrum, rúllum og stimplum

Sjálfsmynd

Málað kóralla

Vatnslitir og salt

Litablöndun

Teikning

Þræða og líma

Guddumói: Samstarf við Guddumóa gekk vel. Þar var lögð áhersla á gleði og gaman. Rauði þráðurinn var „Ég sjálfur og líkaminn minn“. Við unnum mikið með málningu en einnig vatnsliti, blek og þurrkrít. Við notuðum litla og stóra pensla, rúllur og stimpla. Við unnum líka mikið með allan þann skapandi efnivið sem til var í listasmiðju. Við æfðum fínreyfingar með því að líma, hefta og þræða. Inn í öll verkefni fléttast svo litir og litablöndun. Guddumói fékk ekki eins marga tíma og áætlað var yfir veturinn þar sem eldri deildar tóku þátt í Barnamenningarhátíð sem tók nokkra tíma af Guddumóum.



Fjósaklettur: Samstarf við Fjósakletta gekk vel. Verkefni sem við unnum voru afar fjölbreytt og efniviðurinn ólíkur. Ásamt þeim verkefnum sem fram komu hér að ofan unnum við verkefni í tengslum við árstíðirnar og ræddum og skoðuðum breytingarnar í umhverfinu á litum og gróðri. Við hönnuðum fjölnota poka en það verkefni tengist Grænfánanum. Við prófuðum að mála á trönur, mála með sköfum og vatnslita með vatnslitakubbum og bleki. Við gerðum tilraunir með litablöndun, prófuðum að sauma og hönnuðum ofurhettuna okkar í þrívídd. Listasmiðja vann einnig verkefni með Fjósaklettum þar sem yfirskriftin var „Ég og líkaminn minn“ sem fléttaðist inn í Tannverndarvikuna. Ræddum um hreyfingu, höllt mataræði og tannheilsu. Auk alls þessa tók Fjósaklettur þátt í Barnamenningarhátíðinni.

Yfirskriftin var „Friður“ og unnum við nokkur verkefni sem upp komu í tengslum við frið. Verkefnið og hátíðin tókst afar vel og þótti öllum mjög gaman og fróðlegt að taka þátt í þessu verkefni.



Náttúrusmiðja
Málað og saumað

Árstíðirnar

Líkaminn settur saman



Barnamenningarhátíð

Leikur með skapandi efni við

Litablöndun

Málað á trönur.


Klappavör: Á Klappavör var áhersla lögð á flóknari og lengri verkefni sem tengjast læsisverkefnum og vettvangsferðum. Áherslan þetta árið var lögð á Þjóðminjasafnið en Klappavör tók þátt í Barnamenningarhátíð í samstarfi við safnið. Þar sýndum við verkin okkar en yfirskriftin var „Landvættirnir og



aðrar kynjaverur“. Sýningin tókst afar vel og voru börnin upp til hópa mjög áhugasöm og fannst gaman að taka þátt í þessu verkefni. Annað stórt verkefni á Klappavör er útskriftarverkefnið þeirra en þar semja þau leikrit, búa til leikmynd og síðast en ekki síst, leikbrúður úr jarðleir og gífsi. Bæði þessi stóru verkefni voru á vorönninni en fyrir áramót var farið í allskyns skemmtileg og fjölbreytt verkefni. Að auki verkefnanna hér að ofan, sem allar deildir tóku þátt í, lærðu börnin að hnýta í haustkrans, unnum með lauf og annan efnivið úr náttúrunni, teiknuðum með kolum og máluðum á striga og saumuðum fiskibangsa. Fórum í sögugerð og uppbyggingu á sögum og ævintýrum. Gerðum grafíkmyndir, þrykk og skúlptúra úr tré. Máluðum á trönur, unnum með stimpla, mynstur og sköfur, grímur og margt annað skemmtilegt.

Haustkrans Barnamenningahátíð Sniðmót tekið og klippt Unnið í jarðleir/leikbrúðugerð

Tréskúlptúr og samvinna Tilraunir með sköfum Grafík og þrykk
Leiksýning



Við unnum mikið og fjölbreytt starf í listasmiðju þar sem sköpunargleðin og fjölbreytileikinn fékk að njóta sín. Sjá nánari lýsingu í samantekt Listasmiðju 2022-2023.

Anna Guðmundsdóttir listgreinakennari.



Innra mat sérkennslu. Mat á sérkennslu 2022-2023.

<p>Skipulagning sérkennslu 2022-2023</p> <p>Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar.</p> <p>Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópstarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Sérkennslan er skipulögð með þarfir hvers og eins barns. Hvert barn er með sýna einstaklingsnámskrá sem unnin er upp úr AEPS listanum og er hún yfirfarinn reglulega og gerðar endurbætur og ný markmið sett. Sérkennsla er bæði einstaklingsstund með sérkennara og inni á deild með hinum börnunum.</p> <p>Eitt af markmiðum 2022 var að á leikskólanum yrði skilgreint sérkennsluteymi sem ynni þétt saman og höfum við náð þeim markmiðum.</p> <p>Hvert barn hefur sína möppu sem þjálfun barnsins og framfarið er skráð. Einnig er miðlæg skráning þar sem Sérkennslustjóri getur einnig sett inn skráningu og upplýsingar sem þarf.</p> <p>Samskipti við foreldra eru skráð ef við metum að það gæti verið gagnlegt, að geta flétt upp eintökum samskiptum við þau.</p> <p>Í leikskólanum er unnið með TRAS, Haldið er utan um skráningu í þeim tímum á sérstak TRAS skráningar blað og þannig haldið utan um getu þeirra, framfarir og hvað þar að vinna meira með.</p> <p>Tekið er HLJÓM 2 próf á elsta árgangi leikskólans á haustönn, og ef barn kemur illa út er brugðist við því og prófið endurtekið á vorönn.</p> <p>Tekið er málþroskaprófið EFI2 á þeim börnum sem uppfylla rétt aldursbil samkvæmt EFI2 og ef barn kemur illa út er brugðist við því strax í samráði við talmeinafræðing í austurmiðstöð</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð?</p> <p>Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>Við á Lyngheimum notum matsgögnin TRASH, AEPS, HLJÓM2 og orðalistann. Einnig notum við Íslenska þroskalistann og smábarnalistann þegar það á við. Notast er við AEPS listann þegar gerðar eru einstaklings námskrár, og eru þær yfirfarnar mjög reglulega eða eins oft og þarf.</p>
<p>Hvaða námsefni var notað?</p> <p>Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn</p>	<p>Við vinnum með skipulagða kennslu og notumst bæði við keypt námsgögn og eins heimatilbúin TEACCH verkefni sem eru unnin út frá hverju og einu barni miðað við það hvað verið er að þjálfra hverju sinni. Erum við búin að koma okkur upp góðum gagnabanka með stuttum hnitmiðuðum verkefnum.</p> <p>Markmið okkar frá 2021 var að mennta fleiri starfsmenn til að vinna með TEACCH og höfum við sent tvo sérkennara á námskeið á síðasta ári.</p>

Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024.

Umbótaþáttur/mat spáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hef st	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Upplýsingar til sérkennslustjóra bætt.	Að bæði foreldrar og deildarstjóri komi við upplýsingu	Þegar foreldrar koma að tali við deildarstjóra	Sérkennslustjóri og deildarstjóra r.	Þegar hafið.		Að allar upplýsingar komist rétt til skila.	

	m til sérkennslus tjóra með tölvupósti til að hægt sé að halda betur um málin og ekkert gleymist.	eða sérkennslustjóra með mál sem þau vilja láta skoða eru þau beðin um að senda tölvupóst varðandi málið.					
Lausnateymi	Að setja saman lausnateymi sem fer yfir þau mál sem upp koma og ákveða hver framvindan verður. Áætlun gerð.	3 eru í lausnateymi og deildarstjóri barnsins sem málið varðar.	Leikskólastjóri.	Þegar hafið.	Í lok árs 2023 á teymið að vera orðið fullmót að.	Teymið fer yfir það saman hvort það sé að virka eins og við viljum hafa það. Og gera endurbætur ef þörf er á.	Að málin fari í réttan farveg.
Að taka málþroska skimun EFI2 fyrir öll börn sem falla innan aldursmarka þessa.	Í samvinnu við austurmiðst öð verður tekið málþroskaprófið EFI2 á öllum börnum sem falla inn í aldursviðmið EFI2.	Að þeir deildarstjórar sem vinn með börnum á réttu aldursbili verði sér út um réttindi til að nota EFI“.	Leikskólastjóri og Sérkennslustjóri.	Vor 2023.	Fyrir áramót 2023.	Að starfsfólk fari á námskeið til að öðlast réttindi.	Að auka starfsmönnum sem hafa réttindi til að nota EFI2.
Auka þekkingu á widgit	Auka markvist þekkingu á widgit þannig að sem flestir geti nýtt sér það.	Námskeið um notkunarmöguleika widgit.	Leikskólastjóri og sérkennslustjóri.	Vor 2023.	Veturinn 2023-2024.	Spyrja starfsfólk hvort það hafa kynnt sér widgit og hvort það þurfi leiðsögn.	Fjöldi þeirra sem hafa þekkingu á að nota widgit.



Innra mat fjöltyngd börn.


Mat á málörvun og virkni þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023.

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Menntaður kennari sem er með sérkennslu með 1 barni í 5 tíma á dag sér um málörvun fjöltyngdra barna. Fyrirlestur frá Miðju máls og læsis fyrir foreldra og starfsmenn. Keyptar hafa verið bækur og leikefni. Keyptur var efniviður til að útbúa verkfæri til að auðvelda samskipti við börnin. Túlkaþjónusta er óspart notuð.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Unnið er markvisst með grunnorðaforða inn á deildum. Myndrænt skipulag er á deildum. Myndir af daglegum athöfnum og hlutum sem notaðir eru í daglegu lífi. Unnið er með börnin í blönduðum hópum lesið, spilað, myndir skoðaðar og talað saman. Innan skipulagi deildana er gert ráð fyrir að á markvissan hátt að gefa öllum tíma yfir daginn.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Samverustundir eru 3 yfir daginn þar er lesið, sungið og talað saman. Börnunum er líka skipt í blandaða hópa þar sem lesið er, skoðaðar myndir og spilað. Eru verkefni miðuð við þau börn sem eru í hópnum. Þau börn sem erfiðara eiga með að tileinka sér íslenskuna fá tíma ein með kennara þar sem unnið er með orðaforða og skilning barnanna.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Við gerð einstaklingsnámskrár er hugað að öllum þessum þáttum varðandi barnið. Oft reynast þó samskipti við foreldrana flóknari en vinnan með börnin.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Notum viðmið um stöðu orðaforða og skilnings barnanna inná fölmenningsvef Reykjavíkurborgar. Orðaskil, sérkennslustjóri metur stöðuna barnanna ásamt deildarstjóra varðandi framfarir barnanna. Byrjuð er vinna við gerð einstaklingsnámskrár fyrir hvert barn svo hægt sé að halda betur utan um stöðu og framfarir barnanna. Í haust ætlum við að líka að nota hæfnisrammann við mat á færni barna í íslensku.



Umbótaáætlun – fjöltyngi 2023-2024

Umbótaþáttur/ Matsþáttur.	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Áætlunargerð/ skráningu	Gera áætlun varðandi mótöku fjöltyngdra barna þegar þau byrja í leikskólanum. Efla skráningu og utanumhald.	Gera mótökuáætlun, Efla skráningu.	Stjórnendur	Hau st 2022	Des 2022	Að byrjað sé að vinna eftir mótökuáætlun, og skráning hafin.	Að vinnan skili sér í ánægðum foreldrum og börnum.
Efla fræðslu fyrir starfsmenn.	Að sjá til þess að starfsmenn fái fræðslu varðandi fjölmenningu	Fá fræðslu frá miðju máls og læsis varðandi fjölmenningu.	Stjórnendur	Hau st 2022	Mai 2022	Að fræðslan skili sér í vinnu með fjöltyngd börn.	Að starfsmenn nýti fræðsluna í starfi með börnum og foreldrum.
Hæfnisrammi.	Að hæfnisramminn verði notaður til að kortleggja færni í íslensku.	Byrja að nota hæfnisramminn. Að hann verði festur í sessi sem vinnutæki.	Stjórnendur, deildarstjórar.	Hau st 2022	Aldrei	Að hæfnisramminn sé notaður í starfi með fjöltyngdum börnum.	Að börnin eflist í íslensku og nái góðum árangri, vinnan byrjar þar sem þau eru stödd út frá hæfnisrammanum.



Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.

Símenntunaráætlun síðasta skólaár var mjög fjölbreytt, við fórum í skólaheimsóknir, vorum með rafræna fyrirlestra, leiðsögn um borgina okkar og námskeið erlendis.

Á skipulagsdegi í október heimsóttum við leikskólann Akrasel á Akranesi, fengum við skemmtilega kynningu á starfi leikskólans og skoðunarferð um skólann. Við heimsóttum líka Byggðasafnið á Akranesi og fengum fræðslu um safnið.

Á skipulagsdegi í nóvember vorum við með fyrirlesturinn Listasmiðja hjarta leikskólans og rafrænan fyrirlestur, Lof mér að leika, virkni yngstu barnanna.

Á skipulagsdegi í apríl fengum við leiðsögn og fræðslu um borgina okkar.

Í maí fór hluti af hópnum í námskeiðsferð til Alicante. Hópurinn sem verður heima fór í leikskólaheimsóknir með fræðslu ívafi.

Skipulagsdagar skólaárið 2023-2024 verða skipulagðir eins og hægt er út frá óskum starfsmanna.

Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.
Samstarf Lyngheima og Rimaskóla.

Elsti árgangur heimsækir Rimasóla:		Fundir.	Heimsóknir nemenda 1 og 7 bekkjar.
Bókasafnið: Sögustund á bókasafni Rimaskóla.	Föstudagsfjör. Elsta árgang boðið á skemmtun í sal.	Samráðsfundir varðandi sameiginlega skipulagsdaga	Í nóvember heimsækir 1. bekkur Rimaskóla Lyngheima og rifjar upp gamlar minningar.
Íþróttir. Mætt er tvisvar á vetri í íþróttatíma	Heimsókn í 1. bekk. Stafainnlögn og nesti borðað með 1. bekk Rimaskóla.	Að vori hittast kennarar Lyngheima og kennarar Rimaskóla og fara yfir barnahópin og niðurstöður hljóms.	Á degi íslenskrar tungu kemur 7. bekkur í heimsókn á Lyngheima og les/syngur fyrir börnin.
Dans: Elsti árgangur mætir í danstíma.	Skoðunarferð um skólann: Skólastjóri Rimaskóla sýnir okkur skólann.	Að hausti funda skólastjónendur leik og grunnskóla varðandi samstarf og skólaheimsóknir.	Að vori koma eldri nemendur Rimaskóla og kenna börnum Lyngheima útileiki

Áætlun vegna samstarfs leik og grunnskóla.

Áætlun vegna samstarfs leik og grunnskóla er unnin í samstarfi við Rimaskóla. Undanfarinn ár hefur áætlunin verið send út að hausti. Foreldrar elstu barnanna í leikskólanum fá þessa áætlun senda með tölvupósti í byrjun haustanna.

Samstarfið hefur verið í föstum skorðum þar til í haust þegar nýir stjórnendur tóku við í Rimaskóla. Skipulagið hefur ekki verið eins gott en börnin hafa farið í allar heimsóknirnar.

Markmið samstarfsleiks og grunnskóla.

Að efla samskipti og samvinnu þessara tveggja skólastiga og auðvelda þannig aðlögun nemenda af leikskólastig yfir á grunnskólastigs.

Að draga úr kvíða leikskólanemenda sem oft fylgir því að hefja skólagöngu.

Foreldrasamvinna

Í foreldrafélagi Lyngheima sitja tveir fulltrúar frá hverri deild leikskólans. Á haustfundi fyrir foreldra leikskólans eru kosnir nýir fulltrúar í foreldrafélagið í stað þeirra sem ekki gefa kost áfram til starfa fyrir foreldrafélagið eða eru að hætta með barnið sitt á leikskólanum. Fyrsti fundur er boðaður í byrjun október á þeim fundi er skipað í stöðu formanns, ritara og gjaldkera. Foreldrafélagið fundar eftir þörfum, en fastir fundir eru þrír, haustfundur, jólafundur og vorfundur.

Foreldrafélagið stendur fyrir föstum viðburðum yfir árið, vorferð, sumarhátíð og piparkökudegi fyrir jólin. Foreldrafélagið hefur líka gefið okkur leiksyningar og afmælisgjafir.



Skipulagsdagar og leikskóladagatal.

Föstudagurinn 08. september 2023.

Föstudagurinn 13. október 2023.

Föstudagurinn 24. nóvember 2023.

Föstudagurinn 05. janúar 2024 ½ dagur eftir hádegi.

Þriðjudaginn 05. febrúar 2024.

Föstudagurinn 22. mars 2024 ½ dagur eftir hádegi.

Föstudagurinn 17. maí 2024.



Reykjavík 1. júlí 2023.

Kristín Helgadóttir leikskólastjóri.

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun Lyngheima 2022-2023.

Þeir einstaklingar sem sitja í foreldraráði hafa farið yfir starfsáætlun leikskólans og greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári.

Skólaárið hefur verið gott. Skólinn hefur verið vel mannaður og ljóst að starfsmannahópurinn er samheldin, góður, hugmyndaríkur og frjór.

Samvinnuverkefni sem unnin voru þvert á leikskólann voru sýnileg og skiluðu sér í aukinni þekkingu barnanna um viðfangsefnin hverju sinni. Þátttaka í Barnamenningarhátíð var einkar ánægjuleg og virkilega gaman að fylgjast með og sjá að lokum afrakstur þeirrar miklu vinnu sem átti sér stað.





Samstarfsverkefnið “Dósaflípar geta átt framhaldslíf” var skemmtilegt og nokkuð ljóst að flest öll börnin virkjuðu stórfjölskyldur sínar og heilu vinnustaðina í að safna með þeim dósaflípum. Gaman var að fylgjast með hversu áhugasöm börnin voru og stolt af þessu verkefni.

Gott upplýsingaflæði hefur verið en stjórnendur hafa verið ötulir að halda okkur foreldrum upplýstum um gang mála og þau verkefni sem unnin hafa verið ýmist með fréttabréfum eða upplýsingapóstum.

Starf leikskólans Lyngheima einkennist af alúð við velliðan og farsæld hvers barns sem hann sækir. Þörfum barnanna er mætt af kostgæfni og þau hvött til þess að hugsa sjálfstætt og finna sinn eigin farveg.

Leikskólinn hlaut tvær viðurkenningar sem við, fyrir hönd foreldra, óskum starfsmönnum og stjórnendum til hamingju með. Hópurinn er vel að þessum viðurkenningum kominn.





Leikskóladagatal 2023 - 2024

Nafn skóla: **Lyngheimar**

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 F Fullveldisdagurinn	1 M Nýársdagur	1 F	1 F	1 M Annar í Páskum	1 M Verkalýðsdagurinn	1 L	1 M
2 M	2 L	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S Sjómanna dagurinn	2 Þ
3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 S Afmælis veista Lyngheima	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M
4 F	4 M	4 M	4 L	4 M Jóladaðagskrá hefst	4 F	4 S	4 M 1/2 skipulagsdagur hádegi fyrir	4 F	4 L	4 Þ	4 F
5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 Þ	5 F 1/2 skipulagsdagur eftir hádegi	5 M	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F
6 S	6 M	6 F	6 M	6 M	6 L Brettándinn	6 Þ	6 M	6 L	6 M	6 F Skólaslit	6 L
7 M	7 F Frídagur verslunarmanna	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S
8 Þ	8 F Dagur læsis Skipulagsdagur	8 S	8 M Baráttudagur gegn einhelti	8 F	8 M	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M
9 M	9 L	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 L	9 Þ	9 F Uppsýningardagur	9 S	9 Þ
10 F	10 S Opnum eftir sumarfrí	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 F	10 M	10 M
11 F	11 M Vetrar starf hefst	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F
12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 M	12 F	12 F	12 S	12 M	12 F
13 S	13 M	13 F	13 M	13 M	13 L	13 Þ	13 M	13 L	13 M	13 F	13 L
14 M	14 F Aðlögun á milli deilda	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 S
15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 F	15 M	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L	15 M
16 M	16 L Dagur íslenskrar náttúru	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ
17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 L	17 S	17 M	17 F	17 M	17 M
18 F	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F
19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 Þ	19 F Bóndadagur - upphaf Þorra Bóndadagskaffi	19 M	19 F	19 F	19 S	19 M	19 F
20 S	20 M	20 F	20 M	20 L	20 M	20 Þ	20 M	20 L	20 M	20 F	20 L
21 M	21 F Aðlögun hefst	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S
22 Þ	22 F Skólaásetning	22 S	22 M	22 F	22 M	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L	22 M
23 M	23 L	23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ
24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 L	24 S	24 M	24 F	24 M	24 M
25 F	25 M	25 M	25 L	25 M	25 F	25 S	25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F
26 L	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F	26 M	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F
27 S	27 M	27 F	27 M	27 L	27 Þ	27 M	27 L	27 M	27 S	27 F	27 L
28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 S
29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 F	29 M	29 F	29 F	29 M	29 M	29 L	29 M
30 M	30 L	30 M	30 F	30 L	30 Þ		30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 Þ
31 F		31 Þ		31 S	31 M		31 S		31 F		31 M

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frí dagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dwellja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarfrí. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu sam ráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumaríð eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka